

## Tillaga fyrir blakþing 2023

Blakþing 2023 samþykkir að tekin verði aftur upp takmörkun á leikmannafjölda sem nota má á milli úrvalsdeildarliðs og fyrstu deildarliðs sama félags á eftirfarandi máta.

Blaklið sem taka þátt í úrvalsdeild hafa heimild til að senda lið til keppni í fyrstu deild með þessum takmörkunum.

Í fyrstu deild má félag nota allt nema sjö leikjahæstu leikmenn hverju sinni úr sínu úrvaldsdeildarliði. Að hausti nær reglan yfir leikmenn á almanaksárinu en eftir áramót á hún við leikárið.

Landsliðsmaður í meistaraflokki getur ekki leikið með B liði síns félags í fyrstu deild. Tvo leikár eru undir í þessari grein.

Leikmaður telst aðeins hafa verið notaður í úrvalsdeild hafi hann komið inn á í leik í þeirri deild.

Það er á ábyrgð hvers félags að halda utan um þessa tölfræði og á ábyrgð hvers þjálfara að fara eftir þessari reglu.

Þurfi nauðsynlega að víkja frá þessari reglu þarf það að samþykkjast skriflega af mótherjum og vottast af viðkomandi aðaldómara.

Sé vikið frá þessari reglu án samþykkis mótherja reiknast leikurinn tapaður 3:0

B lið úrvalsdeildarliðs getur ekki færst á milli deilda.

Greinargerð með tillögu:

Eins og er þá er engin regla til um þetta og er það að okkar mati algerlega óásættanlegt.

Gríðarlega mikilvægt er fyrir framtíðarblakara okkar að fá að taka þátt í leikjum og fyrir leikmenn í úrvalsdeild sem eru að stíga sín fyrstu skref er 1. deildin mikilvægt skref í þá átt. Reglan ætti ekki að takmarka það á nokkurn hátt. Fyrir nýja leikmenn og ný lið sem eru að koma inn í fyrstu deildina er hins vegar ákaflega niðurdrepani að mæta heilu og hálfu úrvalsdeildarliðunum eins og okkar lið hefur lent í nú á þessu keppnistímabili. Síkt er engan veginn hægt að segja að sé blakinu til framdráttar.

Seyðisfirði 21 febrúar 2023. Áður rætt við framkvæmdastjóra Blí sem hefur tekið málið upp innan stjórnar.

Íþróttafélagið Huginn Seyðisfirði/UÍA